

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins og vinnuregla um vatnshitamælingu eru sem hér segir fyrir Hitaveitu Blönduóss:

- a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði verði kr. 750,00
og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áætlaða ársrúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð.
- b) Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns kr. 45,45
- c) Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnota, fyrir rúmmetra vatns kr. 84,10
- d) Gjald fyrir lokun og enduropnun kr. 1.499,10
- e) Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu). Notendur geta sótt skriflega um afslátt frá liðum a), b) og c) ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælaborns eftir að áætlað hámarksrennsli hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur. Útihitastig meðan á mælingu stendur skal vera á bilinu -4°C til -6°C. Afsláttur skal vera sem hér segir:
 - 1. 5% ef hitastig mælist hærra en 51°C en lægra en eða jafnt og 55°C.
 - 2. 10% ef hitastig mælist hærra en 48°C en lægra eða jafnt og 51°C.
 - 3. 15% ef hitastig mælist 48°C eða lægra.

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá rétttri stillingu, skal hann greiða kr. 750,00.

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (Utanmál)	Heimæðargjald	
Allt að 300 m ³	101.422	
300- 2.000 m ³	101.422 kr.	f. 300 m ³ og 93 kr/m ³ þar yfir
2.000- 6.000 m ³	259.855 kr.	f. 2.000 m ³ og 74 kr/m ³ þar yfir
6.000-10.000 m ³	555.895 kr.	f. 6.000 m ³ og 60 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10.000 m ³	797.112 kr.	f. 10.000 m ³ og 52 kr/m ³ þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 10.366 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. september 1991 186,5 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 435, 20. september 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 11. maí 1995.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Steinunn Bjarman.